

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjár konur, sem kjósa skal árlega á aðalfundum félagsins, ásamt jafnmörgum til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og allt annað, er sjóðnum viðkemur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður og ráðstafar styrkveitingu úr sjóðnum hverju sinni.

8. gr.

Stjórnin semur árlega reikninga sjóðsins, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélags Seyluhrepps.

9. gr.

Ef til þess kemur, að Kvenfélag Seyluhrepps hættir starfsemi sinni, skal skólanefnd Varmahlíðarskóla taka við stjórn sjóðsins og inna af hendi þau störf, sem henni eru falin samkvæmt framanrituðu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um landgræðslustörf skólafólks.**

1. gr.

Landgræðsla ríkisins og Landvernd velja verkefni fyrir landgræðslustörf skólafólks á því sviði, sem Landgræðslu ríkisins varðar. Á sama hátt velja Skógrækt ríkisins og skógræktarfélag verkefni í þágu skógræktar.

2. gr.

Búnaðarsambönd skipuleggja landgræðslustörf á sambandssvæðum utan Reykjavíkur. Heimilt er búnaðarsamböndum að leita samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, gróðurverndarnefndir og náttúruverndarsamtök um verkefnaval.

3. gr.

Fyrirgreindir aðilar skulu gera tillögu til skólastjóra viðkomandi skóla um verkefni og hvaða daga árs skuli unnið.

4. gr.

Ef henta þykir, má mynda héraðs- eða landshlutanefndir, er í væru fulltrúar fyrirnefndra aðila, til samningar um verkefni og framkvæmd þeirra.

5. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skulu liggja fyrir tillögur um verkefni, og skal þá cinnig hafa verið gengið frá því, hvaða aldursflokkur og skólar verða kvaddir til starfa á árinu.

6. gr.

VélaVinna, áhaldakaup, verkstjórn og annan tilfallandi kostnað, er leiðir af framkvæmd þessara laga, greiðist úr ríkissjóði, og verði tekin upp sérstök fjárveiting í þessu skyni.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

18. júní 1975.

Nr. 277.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufél.	kr. 3 500.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 1 100.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 1 100.00
4. Fyrir tilkynningu um breyt. á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 1 100.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 200.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 1 600.00
7. Fyrir fjármark	— 350.00
8 Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .	— 200.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 700.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 700.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 700.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 1 700.00
13. Fyrir dómsbirtingu	— 1 700.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 500.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 150 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. ágúst 1975. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 40 4. janúar 1974, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

B 68